



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

EYRARRÓSIN

Menningarviðburðir á landsbyggðinni Athöfn á Bessastöðum

Eyrarrósin verður afhent við hátíðlega athöfn á Bessastöðum á morgun laugardaginn 18. febrúar kl. 14:00. Viðstaddir athöfnina verða m.a. fulltrúar tilnefndra verkefna, fulltrúar sveitarfélaga og forystumenn í heimabyggðum.

Eyrarrósin er sérstök viðurkenning fyrir framúrskarandi menningarverkefni á landsbyggðinni sem Listahátíð í Reykjavík, Byggðastofnun og Flugfélag Íslands hafa sett á stofn. Verndari Eyrarrósarinnar er Dorrit Moussaieff forsetafrú og mun hún afhenda viðurkenninguna og verðlaunagripinn.

Þrjú verkefni hafa verið tilnefnd til Eyrarrósarinnar 2011:

- *Safnasafnið – Alþýðulistasafn Íslands, Svalbarðsströnd*
- *Sjóræningjahúsið, við Patreksfjörð*
- *Tónlistarhátíðin Við Djúpið, Ísafirði*

Eitt þessara verkefna hlýtur verðlaunafé að upphæð 1,5 milljónir króna og verðlaunagrip sem Steinunn Þórarinsdóttir myndlistarkona hefur gert.

Fréttamönnum og ljósmyndurum er velkomið að vera viðstaddir athöfnina á Bessastöðum en nánari upplýsingar um Eyrarrósina veita Guðrún Norðfjörð, framkvæmdastjóri Listahátíðar, í síma 866 6010 og Steinunn Þórhallsdóttir, kynningarstjóri hjá Listahátíð í Reykjavík, í síma 862 3242.

17. febrúar 2012